

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 20. október 1995, staðfest breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 frá 31. október 1990 með síðari breytingum.

Breytingar eru eftirfarandi:

- Ný smábátahöfn verður á Torfuneshrygg.
- Reitur merktur verslun/þjónusta í tengslum við safnasvæði verður blönduð byggð, verslun/þjónusta og íbúðir.
- Reitur merktur opinberar byggingar við Batahöfn verður blönduð byggð, opinberar byggingar, verslun og þjónusta.
- Atvinnusvæði milli Aðalstrætis, Njarðarsunds og Sindragötu verður blönduð byggð, verslun og þjónusta.
- Útlínur Sundahafnar breytast.
- Útlínur hafnarsvæðis breytast þannig að mörk þess liggja frá Batahöfn um Njarðarsund og Sindragötu að nyrðri enda Mávagarðs.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytið, 20. október 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Sundahafnar / Suðurtanga, Ísafirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 20. október 1995 staðfest deiliskipulag fyrir Sundahöfn / Suðurtanga, Ísafirði.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytið, 20. október 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.